

Auglýsing

Opnað fyrir umsóknir um framlög til aðgerðar C.1 Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða fyrir árið 2026

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1 Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða.

Um framlögin

Verkefni sem talin eru hafa varanleg áhrif, eru atvinnuskapandi og hvetja til nýsköpunar verði í forgangi. Sérstök áhersla verði lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Veitt verða framlög til verkefna:

- sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans
- sem nýtast landshluta, einum eða fleirum.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- íbúðapróun, aldursamsetningu og kynjahlutfall
- samsetningu atvinnulífs og atvinnustig
- meðaltekjur
- önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta

Styrkhæfir aðilar

Einungis landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um þá styrki sem hér eru auglýstir.

Styrkfjárhæðir í boði

Allt að 170 milljónum króna verður veitt til að styrkja sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða. Heimilit er að veita styrki til sama verkefnisins til allt að fimm ára, en þá með fyrirvara um endurskoðun byggðaaætlunar og fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Árleg hámarksfjárhæð til einstakra verkefna er 25 milljónir króna, en styrkfjárhæð getur aldrei numið hærra hlutfalli en 80% af heildarkostnaði við verkefni.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun innviðaráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar 2022-2036.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess, ásamt tíma- og kostnaðaráætlun. Í umsókn þarf að koma fram nákvæm upphæð sem sótt er um. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Umsóknareyðublaðið má nálgast [hér](#).

Valnefnd, umsögn Byggðastofnunar, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti fimmtudagsins 22. janúar 2026.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í lok febrúar 2026.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.